

114

9. desbr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000.00 krónum, ef ekki liggur þyngrri refsing við að lögum.

11. gr.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefir samþykkt, er hjer með staðfest samkvæmt lögum 22. nóvember 1918 til að öðlast gildi 1. janúar 1922, og birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. desember 1921.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Gunnsteins

litla«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherranum 10 desember 1921.

115

10. des.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð Gunnsteins litla“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Gunnsteins litla« og er stofnaður til minningar um Gunnstein Valdimarsson, er andaðist 12. júní 1919.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Nesskóla í Norðfirði og hefir skólanefnd Nesskólajeraðs stjórn sjóðsins á hendi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna árlega með bókagjöfum að minsta kosti tvo nemendur Nesskóla, sem að dómi kennaranna við skólann skara fram úr að góðleik, iðni og háttþryði.

Formaður skólanefndar afhendir verðlaunin á skólalokadegi.

4. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 50 — fimmtíu — króna gjöf frá foreldrum Gunnsteins litla: Stefaníu og Valdimar Snævarr, samkvæmt gjafabréfi dags. 21. okt. 1920. Auk þess lofa þau hin sömu hjón, að gefa sjóðnum 25 krónur á ári, að minsta kosti næstu 5 ár, frá 1920 að telja og sje gjalddagi þeirra 21. okt. ár hvert.

Allar eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í Sparisjóði Norðfjarðar eða á öðrum tryggum stað að dómi stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og tillögum frá þeim, er kynnu að vilja styrkja hann, og skal farið með slíkan styrk á sama hátt og stofnfjeð.

6. gr.

Jafnan skal helmingur ársvaxta og allar peningagjafir lagðar við höfuðstólinn. Hin- um helmingi ársvaxtanna skal varið til verðlauna samkvæmt 3. gr., nema ef sjóðnum eru gefnar bækur til verðlaunagjafa eitthvert vor, þá skal leggja alla vexti við höfuðstól það ár.

7. gr.

Skipulagsskrá þessa skal endurskoða eigi síðar en að 25 árum liðnum og er þá heimilt að fá sjóðnum rýmra starfssvið, t. d. veita fátækum efnilegum nemendum Nesskóla styrk til framhaldsnáms. En jafnan skal einhverju af vöxtunum varið til bókaverðlauna, nema svo standi á sem segir í 6. gr.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Stjórn sjóðsins semur ársreikning hans og legg- ur fyrir forstöðumann Nesskóla til endurskoðunar.

Í skólanefnd Nesskólahjaraðs, Norðfirði 8. desember 1920.

Páll G. Þormar. Tómas Zoëga. Björn Jónasson.

Þorbergur Guðmundsson. Hjálmar Olafsson.